

Opnun vegar yfir Mjóafjörð

Erindi flutt í Reykjanesi í tilefni opnun vegar og brúar yfir Mjóafjörð.

Reykjanes, 3. september 2009

Ráðherra, þingmenn og aðrir gestir,

Það er mér sönn ánægja að vera viðstaddur vígslu vegar og brúar yfir Mjóafjörð. Eftir þessum áfanga hefur verið beðið með óþreyju í um eitt ár eða frá því að fyrsta dagsetning opnunar var gefin út fyrir um ári síðan og hafa þær nú verið nokkrar frá þeim tíma.

Það er jafnframt ánægjulegt að geta frá og með deginum í dag ekið þessa nýju leið, yfir glæsilega bogabru sem vekur mikla og verðskuldaða athygli. Að sama skapi að losna við malarveginn sem eftir var á þessu svæði og við akstur yfir Eyrarfjall sem ég á ekki von á að margir munu sakna þó svo að sá fjallvegur hafi komið sér vel til margra ára.

Opnun Mjóafjarðarbrúar er ekki eina stóra samgöngubótin sem er að verða að veruleika á Vestfjörðum, heldur stýttist nú óðum í opnun vegar um Arnkötludal og eftir tæpt ár er stefnt að því að taka Bolungarvíkurgöng í notkun.

Það er því óhætt að segja að miklar samgöngubætur eru að eiga sér stað á Vestfjörðum. Samgöngubætur sem hljóta að teljast til þeirra meiri og kostnaðarsamaðri sem gerðar hafa verið á Vestfjörðum til mjög margra ára og skipta miklu máli fyrir íbúa Vestfjarða, ferðamenn, atvinnulífið og í raun fyrir alla íbúa landsins.

Fyrir atvinnulífið skipta samgöngur nánast öllu máli. Stór hluti atvinnulífsins byggir á samgöngum og öryggi í flutningi á vörum til og frá Vestfjörðum og að sú þjónusta sé ekki verðlögð of hátt. Það er því fyrirséð að flutningastarfsemi ætti að njóta mikils hagræðis með bættum samgöngum nú og bæta starfsumhverfi þeirra fyrirtækja sem treysta á góðar samgöngur. Samhliða verðum við að standa vörð um að með hverjum áfangasigri sem næst í samgöngubótum taki gjaldskrá flutningafyrirtækja mið af því.

Fyrir ferðaþjónustuna á Vestfjörðum er þetta einnig mikill áfangasigur. Í hugum of margra íbúa landins og í of langan tíma hafa Vestfirðir verið allt of langt í burtu og með handónýta vegi. Þannig hefur ásjúndin því miður verið og ferðahringur íslendinga of oft legið fram hjá Vestfirskri feður.

Þessi dagur færir okkur nær því að Vestfirðir verði enn áhugaverðari og raunhæfari kostur þegar ferðalagið er skipulagt, hvort sem er af innlendum eða erlendum ferðamönnum.

Dæmi um ávinning af þessari samgöngubót er að nú er Reykjanes komið í alfararleið. Með því skapast ný tækifæri, nú hugsun og verður áhugavert að sjá hvernig eigendur ná að nýta sér þá breytingu.

Samhliða þarf að huga að öðrum stað sem er Heydalur í botni Mjóafjarðar þar sem byggð hefur verið upp ferðaþjónusta með miklum metnaði. Ég vill nota þetta tækifæri til að beina því til samgönguylfirvalda að huga vel að þeim vegi sem liggur frá Hörtnár og inn í botn Mjóafjarðar og tryggja að honum verði viðhaldið og þeirri ferðaþjónustu sem þar er rekinn til sóma.

Mig langar einnig til að nota tækifærið til að draga athyglina að mikilvægu verkefni sem unnið hefur verið að undanfarin ár hér í næsta nágrenni. Við komuna hingað var ekið fram hjá hinum sögufræga stað, Vatnsfirði.

Saga þess staðar er ekki síður merkileg, þó hann hafi verið úr alfaraleið um nokkurt skeið, þar til nú.

Allt frá landnámstíð var Vatnsfjörðurinn aðsetur höfðingja. Á söguöld bjó þar til dæmis Þörbjörg digra, dóttir Ólafs þá og sonardóttir írskrar prinsessu, sem skaut skjólshúsi yfir útlagann Gretti Ásmundsson.

Á Sturlungaöld voru Vatnsfirðingar mestu höfðingjar á Vestfjörðum og tóku þátt í öllum helstu átökum þeirrar aldar. Á 14. öld var staðurinn aðsetur Eiríks Sveinbjarnarsonar, hirðstjóra yfir Íslandi.

Eftir að staðurinn komst í eigu kirkjunnar sátu þar margir merkir klerkar, en meðal þeirra má geta Hjalta Þorsteinssonar sem uppi var á 18. öld. (Það er skemmtilegt að vita að viðstaddur þetta samsæti er séra Baldur prófastur og síðasti prestur í Vatnsfirði en hann heldur enn tryggð við staðinn.)

Frá árinu 2004 hefur farið fram merkileg vísinda- og uppbyggingastarfsemi í Vatnsfirði. Þá fundu fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands rústir skála frá landnámsöld. Þangað hafa streymt vísindamenn hvaðanæva úr heiminum til að taka þátt í uppgreftrinum, auk þess sem á sumrin hefur verið rekinn í Vatnsfirði og einnig hér í Reykjanesi, alþjóðlegur fornleifaskóli í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða.

Einnig hefur félagið Vestfirðir á miðöldum átt frumkvæði á því að láta hanna og setja upp útsýnispalla og upplýsingaskilti þar sem kemur fram eitthvað af allri þeirri þekkingu sem orðið hefur til í tengslum við þetta verkefni.

Nú geta þeir sem aka eftir nýja veginum um túnfót hins forna höfðingjabýlis staldrað við um stund, gengið um staðinn og fræðst um leið um hina löngu og merku sögu Vatnsfjarðar í Ísafjarðardjúpi, en hún er um leið saga Vestfirðinga og Íslendinga allra.

Að lokum, þá finnst tilefni til að halda því til haga við þetta tækifæri að góð samstaða hefur verið meðal sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum um stefnumótun í forgangsröðun samgönguframkvæmda og sveitarstjórnarmenn nánast hljómað sem einn rödd þegar forgangsröðun á framkvæmdum hefur verið kortlögð og hefur það án efa auðveldað samgönguyfirvöldum að taka ákvarðanir um röðun framkvæmda.

Að þeim orðum loknum óska ég landsmönnum öllum til hamingju með nýjan og merkan áfanga í samgöngubótum á Vestfjörðum.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps